



Minnisblað frá Vísinda- og tækniráði

Til stjórnar Markáætlunar 2019-2021

Skv. 9. gr. laga nr. 3/2003 markar Vísinda og tækniráð áherslur nýrrar Markáætlunar.

Í Markáætlun eru á þessu ári um 1. m. kr. og gert er ráð fyrir að árleg viðbót í sjóðinn verði um 180 m. kr.

Í samræmi við fyrri ákvörðun er gert ráð fyrir því að 500 m kr. úr Markáætlun fari til áætlunar um tungu og tækni fram til ársins 2023. Af því var ráðstafað 77. m.kr. fyrr á þessu ári vegna ársins 2018.

Á árinu 2018 var unnið að því að skilgreina samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum í víðu samráði við almenning og hagsmunaaðila. Markmið vinnunnar var að marka áherslur Íslands fyrir þverfaglegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun á komandi árum. Stefnt var að því að áherslurnar nýttust til að straumlínulaga betur alþjóðlegt samstarf um rannsóknir og nýsköpun, auk þess að vera leiðarljós fyrir nýjar markáætlanir og styrkveitingar úr Innviðasjóði.

Á fundi Vísinda- og tækniráðs 23. nóvember 2018 samþykkti ráðið þrjár áherslur fyrir árin 2018 til 2021 og byggðu þær á samráðinu. Áherslurnar eru:

1. Umhverfismál og sjálfbærni
2. Heilsa og velferð
3. Líf og störf í heimi breytinga

Nánari upplýsingar um áherslurnar er að finna í minnisblaði sem samþykkt var á fundi Vísinda- og tækniráðs 23. nóvember 2018 og finna má á vefsíðu ráðsins.

Vísinda- og tækniráð beinir því til tilvonandi stjórnar Markáætlunar 2019-2021 að útfæra nánar áætlanir byggðar á áherslunum.

Það er vilji Vísinda og tækniráðs að á árinu 2019 verði auglýst eftir umsóknum um styrki í Markáætlun um samfélagslegar áskoranir að fjárhæð 300 m. kr. til tveggja ára að lágmarki. Það felur í sér að árlega renna á bilinu 200 -300 m. kr. í þessa áætlun í tvö til þrjú ár að því gefnu að uppsöfnuð fjárheimild fái flutt milli ára og að árlegt fjármagn af fjárlögum skerðist ekki. Gert er ráð fyrir að við fyrstu auglýsingu muni helmingi fjárins verða veitt til verkefna um umhverfismál og sjálfbærni en hinar tvær áherslurnar skipta með sér hinum helmingi fjárins. Gert er ráð fyrir að auglýst verði aftur árið 2021.

Gert er ráð fyrir svokölluðu tveggja þrepa umsóknarferli eins og notað var þegar Markáætlun var auglýst síðast. Í því sambandi er ástæða til að setja þau skilyrði að hægt sé að falla frá því að veita styrki ef árangurshlutfall er lágt. Einnig að í auglýsingu verði hvatt til samstarfs atvinnulífs og stofnana og að það auki líkur á að fá styrk.

Jafnframt að haldið verði áfram að vinna að markáætlun um tungu og tækni til að ná því markmiði að alls 500 m.kr. hafi verið veitt til þeirrar áherslu árið 2023.